

**Nr. 022 / 11 Erika GR-18-119****Banaslys, skipverji fellur útbyrðis**

IMO: 8701909  
Smíðaður: Noregi 1987, stál  
Fánaríki: Grænland  
Stærð: 820,8 brl. 1236 bt.  
Mesta lengd: 57,45 m Skráð lengd: 50,69 m  
Breidd: 12,5 m Dýpt: 7,75 m  
Vél: Berger Diesel 2208 kW, 1987  
Fjöldi skipverja:



Erika©Hilmar Snorrason

**Gögn:**  
Lögregluskýrslur  
Gögn RNS

Lokaskýrsla afgreidd á fundi Í FEBRÚAR 2012 af Inga Tryggvasyni, Hilmar Snorrasyni, Jóhanni Ársælssyni og Ólafi K. Ármannssyni

*Tilgangur þessarar skýrslu er ekki að skipta sök eða ábyrgð og skal henni ekki beitt sem sönnunargagn í opinberu máli.*

**Atvikalýsing:**

Þann 27. febrúar 2011 var grænleska nótaveiðiskipið Erika GR-18-119 (áður *Birtingur NK*) á loðnuveiðum SV af Malarrífi. Veður: SA 17-20 m/s.

Um kl. 21:00 féll einn skipverja fyrir borð en skipið var ferðlaust og verið að leggja nótina í nótakassan. Stóð skipverjinn upp á nótinni í nótakassanum milli lunningar og nótarinnar sem hékk niður úr krananum. Skyndilega féll hluti nótarinnar úr krananum og lenti á skipverjanum sem féll út á milli lunningar og rörs (sjá mynd) ofan við lunninguna. Skipstjóra var þegar gert viðvart og misstu þeir aldrei sjónar af manninum.



Skipverjinn sem stjórnaði krananum brást strax við, hljóp inn í brú þar sem hann fór í björgunarbúning og síðan í sjóinn á eftir manninum. Tókst honum að ná honum og var þeim báðum náð aftur um borð yfir borðstokk fyrir framan brú á einni veltu skipsins. Var skipverjinn þá orðinn meðvitundarlaus og þrátt fyrir lífgunartilraunur var hann úrskurðaður látinn þegar þyrlulæknir kom á staðinn.

**Málið var rannsakað af dönsku sjóslysanefndinni og má finna skýrslu hennar á PDF skjali.**